

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 72/97
frá 4. október 1997**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/97 frá 27. júní 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB frá 21. október 1994 um breytingar, samkvæmt 3. mgr. 42. gr., á II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/660/EB frá 14. nóvember 1996 um breytingar, samkvæmt 3. mgr. 42. gr., á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 32c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93) í XX. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið gefin út.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 15.

„, eins og henni var breytt með:

- 394 D 0721: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB frá 21. október 1994 (Stjtið. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 36).
- 396 D 0660: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/660/EB frá 14. nóvember 1996 (Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 15).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB og 96/660/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner